



12. Ársþing KAÍ

26. febrúar 1999

Frá formanni

Tímabilið frá síðasta þingi KAI er einungis um hálf ár. Valið er að halda nýtt þing nú því héðan í frá er stefnt að því að halda þingið árlega og þá í febrúar.

Starfsemin hefur verið nokkuð líflæg þetta hálf ár. Byrjunin var brösuleg. Hingað kom (helgina eftir síðasta þing), Tommy Morris formaður dómara nefndar World Karate Federation og leiðbeindi á dómara námskeiði. Of fáir vissu af þessum atburði, þátttaka frekar dræm. Kostnaður af námskeiðinu var verulegur, eða þriðjungur þess fjármagns sem notað var á tímabilinu. Einn þátttakandi tók skriflegt próf eftir námskeiðið, Helgi Jóhannesson og hlaut hann B réttindi í Kumite.

Í október var haldið Íslandsmeistaramót í Kumite. Mótið tókst vel. Þó kom upp eitt vandamál varðandi liðaskipti og voru lög sambandsins látin ráða. Vonast formaður til þess að lagabreytingar verið gerðar á þessu þingi sem komi í veg fyrir að slík vafaatriði geti komið upp í framtíðinni. Að vanda var það KFR og Þórshamar sem kepptu um að verða stigahæstir á mótinu, Þórshamar hafði betur að þessu sinni.

NM 1998 var haldið í október í Svíþjóð. Þangað voru sendir 3 keppendur sem stóðu sig ágætlega þrátt fyrir að engar medalíur hafi unnist að þessu sinni. Á forsetafundi NM mótsins var tekið fyrir hvort Eystrasaltsríkin ættu að verða meðlimir að Norðurlandasamstarfinu. Úr varð að þau verða ekki meðlimir en samþykkt að bjóða má þeim þátttöku á mótum í framtíðinni.

Stjórnin hefur verið mjög virk. Samtals voru haldnir sex stjórnarfundir á tímabilinu og í flestum tilfellum voru allir stjórnarmeðlimir mættir. Nú stendur til að Helgi Jóhannesson og Ólafur Hreinsson hætti stjórnarsetu vegna annarra starfa og er eftirsjá að þeim þar sem þeir hafa unnið mjög gott starf. Helgi var gjaldkeri og sá m.a. einnig um skráningar á mót. Ólafur hefur annast dómaramál sambandsins. Formaður vonar svo innilega að þeir fái áfram til að starfa, en ef ekki þá þakkar hann mjög gott samstarf.

Eitt af þeim málum sem taka verður á er dómgæsla. Mjög mikilvægt er fyrir iðkendur karate að fá sem sanngjarnastan dóm þegar þeir keppa. Þetta getur verið erfitt, sérstaklega í Kata þar sem dómara koma frá ýmsum stílu/skólum og hafa þar af leiðandi mismunandi áherslur. Mikilvægast af öllu er að fyrirbyggja að dómara sé hlutdrægir. Einnig er æskilegt að reyna að byggja upp þekkingu hjá dómurum á Kata úr öðrum stílum en þeirra eigin. Þar mundi sýnikennsla á myndbandi á Kata úr öllum stílum geta haft veruleg áhrif til hins betra. Því mælir formaður með að lagt verði þjónustugjald á hvern félag í aðildarfélögum sambandsins til þess að hafa upp í þann kostnað sem slíkri myndbandagerð fylgir.

Halldór Svavarsson var endurkjörinn landliðsþjálfari Íslands í Karate. Hans bíður krefjandi starf þar sem framundan er stærsti viðburður í sögu KAI. Það er opna Norðulandameistamótið 1999 sem haldið verður hér á landi þann 16. október næstkomandi. Til viðbótar hinum fimm Norðurlöndunum verður Eystrasaltsríkjunum þremur ásamt Skotlandi og Írlandi boðin þátttaka. Þetta er í fyrsta sinn sem Norðulandamótið er opið. Búast má við mikilli vinnu framundan í KAI þar sem fjöldi þátttökupjóða hefur tvöfaldast.

Ingólfi Snorrasyni var veittur styrkur til æfinga hjá Morten Alstadsæter landsliðsþjálfara í Noregi. Upprunalega var meiningin að hann yrði í þrjá mánuði og styrkurinn yrði kr. 100.000,- en dvöl hans er stytta (ásamt styrknum) niður í helming. Hann mun æfa með norska landsliðinu og fær væntanlega að keppa með Stavanger Karate Klubb á norska meistaramótinu í mars. Hann mun á tímabilinu einnig keppa á opna skandinaviska mótinu í Svíþjóð.

Viðburðamesti atburðurinn á tímabilinu var unglingsmeistaramótið 1999 í Kata en þar voru um 230 keppendur. Greinilegt er að íþróttin er í uppsveiflu, áhugi er mikill og margir mjög efnilegir karateka að koma fram. Þrátt fyrir þennan mikla fjölda þátttakenda stóðust tímaáætlanir og var skipulag með ágætum.



Ólafur Haraldsson Wallevik

Stjórn KAI 26. september 1998 til 26. Febrúar 1999

- | | |
|------------------------------|---------------|
| ➤ Ólafur Haraldsson Wallevik | Formaður |
| ➤ Jón Hákon | Varaformaður |
| ➤ Helgi Jóhannesson | Gjalkeri |
| ➤ Halldór Svavarsson | Ritari |
| ➤ Ólafur Hreinsson | Meðstjórnandi |

Varamenn

- Jónmundur Guðmarsson
- Ása Ólafsdóttir
- Grétar Halldórsson

Íslandsmeistaramót í Kumite 1998

ÚRSLIT

1) Kumite kvenna, opinn flokkur

- 1.sæti: **Edda L. Blöndal** Þórshamar
2.sæti: Sólveig K. Einarasdóttir Þórshamar
3.sæti: Elisabet Valdimarsdóttir KFR

2) Kumite karla, -65 kg.

- 1.sæti: **Halldór Svavarsson** Fylki
2.sæti: Gunnlaugur Sigurðsson Haukar
3.sæti: Daniel P. Axelsson Þórshamar

3) Kumite karla, -73 kg.

- 1.sæti: **Jón Ingi Þorvaldsson** Þórshamar
2.sæti: Benedikt Valdimarsson KFR
3.sæti: Bjarki Þór Birgisson KFR

4) Kumite karla, -80 kg.

- 1.sæti: **Konráð Stefánsson** KFR
2.sæti: Ólafur Nielssen Þórshamar
3.sæti: Björgvin Þorsteinsson KFR

1) Kumite karla, +80 kg.

- 1.sæti: **Ingólfur Snorrason** Selfoss
2.sæti: Þorkell Guðmundsson KFR
3.sæti: Sigurður Björgvinsson Akranes

2) Kumite karla, opinn flokkur

- 1.sæti: **Halldór Svavarsson** Fylki
2.sæti: Ingólfur Snorrason Selfoss
3.sæti: Ólafur Nielsen Þórshamar

7) Liðakeppni karla (5 manna sveitir)

- 1.sæti: Þórshamar
2.sæti: KFR

Heildarárangur einstakra félaga

Félag	Gull	Silfur	Brons	Heildarstig
Þórshamar	3	2	2	21
KFR	1	3	3	16
Fylkir	2			6
Selfoss	1	1		5
Haukar		1		2
Akranes			1	1

Karatemaður ársins frá 1985 til 1998

Karatemaður ársins 1998 var Ingólfur Snorrason frá UMF Selfossi. Hann hefur haft glæsilegan ferill undir leiðsögn landliðsþjálfarans Halldóri Svavarssyni.

Ingólfur Snorrason náði aldeilis góðum árangri á síðasta ári. Hann færði heim tvær gull medalíur og tvær silfurmedalíur ásamt því að vera valinn besti maður mótsins á opna danska metaramótinu (ekki verst þegar keppendur eru hátt í ljögur hundruð). Fyrsta gullið var á Liven Cup (annað árið í röð) og hitt var á opna írsku mótinu í opna flokknum, en þar fekk hann einnig silfur í + 80 kg þingdarflokknum. Hitt silfrið var á opna danska meitarámótinu. Á opna skandinavíska tapaði hann viðureigninni um bronsið og varð að láta sig nægja fimmta sætið. Þar munaði mjóu að hann færði fimmtu medalíuna heim það árið, en fjörtíu keppendur voru í flokknum hans. Miðað við þennan árangur þá lenda íslandmeitaratitlarnit hans í skuggan og það að hann varð bikarmeistari Íslands (þriðja árið röð).

Hér er listi yfir alla þá sem hafa hlotið útnefningu Karatesambandsins sem karatemenn ársins, frá stofnun þess:

Ár	Nafn	Félag
1995	Árni Einarsson	KFR
1996	Árni Einarsson	KFR
1997	Árni Einarsson	KFR
1988	Sigurjón Gunnsteinsson	KFR
1989	Halldór Svavarsson	KFR
1990	Ómar Ívarsson	KFR
1991	Halldór Svavarsson	KFR
1992	Jónína Olesen	KFR
1993	Ásmundur Ísak Jónsson	Þórshamri
1994	Halldór Svavarsson	KFR
1995	Hjalti Ólafsson	Þórshamri
1996	Halldór Svavarsson	KFR
1997	Halldór Svavarsson	KFR
1998	Ingólfur Snorrason	UMF Selfoss

Útnefningin hefur farið fram alls 14 sinnum og hafa átta manns hlotið útnefninguna, 5 úr Karatefélagi Reykjavíkur (KFR), alls 11 sinnum, 2 úr Karatefélaginu Þórshamri og einn frá Ungmennafélagi Selfoss.

Rekstrarreikningur KAI 1. september 1998 til 31. janúar 1999

10000 TEKJUR

11000 Framlög og styrkir			
11100 Styrkir ÍSÍ		87.169	
11101 Afreksmannastyrkur		150.000	
11102 Styrkur ÍSÍ vegna TM		22.260	
11300 Lottó		328.241	
	Samtals		587.670
15000 Tekjur af mótum			
15100 Þáttökugjöld		16.100	
	Samtals		16.100
22000 Aðrar tekjur			
22000 Aðrar tekjur		12.000	
	Samtals		12.000

29999 TEKJUR ALLS

615.770

30000 GJÖLD

35000 Styrkir til deilda			
35000 Afreksmannastyrkur		150.000	
	Samtals		150.000
40000 Þátttaka í mótum			
42205 Kostnaður vegna flugs		103.660	
42305 Kostnaður vegna gistingar		43.000	
	Samtals		146.660
45000 Kostnaður v/mótahalds			
45100 Verðlaunapeningar		67.800	
46000 Annar móthaldskostnaður		13.294	
46100 Kostnaður vegna auglýsinga		59.529	
46200 Akstur með dýnur		17.700	
	Samtals		158.323
48000 Rekstur mannvirkja			
48100 Húsaleiga		39.528	
	Samtals		39.528
53000 Rekstur skrifstofu			
53100 Símakostnaður		8.077	
53200 Ritföng		980	
53500 Póstkostnaður		4.410	
53700 Kaffikostnaður		3.140	
53800 Tölvukostnaður		15.000	
54000 Annar skrifstofukostnaður		18.375	
	Samtals		49.982
56000 Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
58100 Kostnaður vegna dómaranámskeiðs		198.441	
	Samtals		198.441
65000 Önnur gjöld			
65200 Þjónustugjöld banka		1.276	
70000 Annar kostnaður		10.416	
	Samtals		11.692

74999 REKSTRARGJÖLD ALLS

754.626

75000 Hagnaður/tap án fjármagnsliða

-138.856

76000 Fjármagnsliðir			
76100 Vaxtatekjur		1.775	
76200 Vaxtagjöld		112	
	Samtals		1.663

79000 Hagnaður/tap tímabilsins

-137.193

Efnahagsreikningur KAI 1. september 1998 til 31. janúar 1999

8000 Eignir

88000 Handbært fé

88200 Tékkareikningur

356.487

88300 Inneign hjá ÍSÍ

286.629

Samtals

643.116

85000 Veltufjármunir

85100 Skrifstofubúnaður

160.400

85200 Tatami

337.716

Samtals

498.116

89999 Eignir alls

1.141.232

90000 Skuldir og eigið fé

91000 Eigið fé

91100 Óráðstafað eigið fé

1.278.425

91300 Tekjuafgangur ársins

-137.193

Samtals

1.141.232

99999 Skuldir og eigið fé alls

1.141.232

Rekstraráætlun 1999

1.2.1999 til 31.1.1999

Tekjur

Framlög og syrkir	
ÍSí	210.000
útbreiðslustyrkur	500.000
Lottó	700.000
Þjónustugjöld	120.000
Tekjur af mótum	180.000
Aðrar tekjur	10.000
Tekjur alls	<u>1.720.000</u>

Gjöld

Kostnaður v/mótahalds	
Verðlaun	110.000
Ferðir	20.000
Auglýsingar	120.000
Ýmislegt	60.000
Landslið	
Þjálfun	100.000
Ferðakostnaður	600.000
Þátttökugjöld	100.000
Kostnaður vegna NM 99	500.000
KAI myndband (Kata)	150.000
Rekstur	100.000
Önnur gjöld	100.000
Rekstrargjöld alls	<u>1.960.000</u>
Áætlað tap/hagnaður	<u>-240.000</u>

Handbært fé 31. Janúar 1999 643.116

Gert er ráð fyrir að samþykkt verði á árþyngi 1999
þjónustugjald á 200,- á félagi í aðildarfélögum KAI.
Innkoman á að eirnarkerkjast gerð á myndbands um Kata.